



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/992*  
*komudagur 7.2.2014*

Nefndasvið Alþingis  
b. t. Atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2014  
Tilv.: 1401017

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, 256. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 23. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, 256. mál (Þingskjal 468), lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2005. Markmiðinu skal ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Meðal hlutverka Samkeppniseftirlitsins er að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Ljóst er að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, geta með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyfi haft mikil áhrif á samkeppni og samkeppnisskilyrði í landinu. Stjórnvöld bera ríka ábyrgð á því að ryðja úr vegi hvers kyns samkeppnishindrunum sem ný og smærri fyrirtæki kunna að mæta þegar þau hefja störf og reyna að vaxa við hlið stærri keppinauta. Stjórnvöld geta einnig verið þátttakendur á samkeppnismörkuðum og þá er mikilvægt að þau gæti þess í hvívetna að raska ekki samkeppni.

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að umrædd þingsályktunartillaga verði unnin í samræmi við markmið samkeppnislaga og nauðsynlegt sé að hafa samkeppnissjónarmið í huga við alla framkvæmd og reglusetningu í tengslum við hana. Samkeppniseftirlitið vill í því skyni vísa til skýrslu sinnar nr. 2/2008 *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, þar sem m.a. er bent á leiðir sem opinberir aðilar geta gripið til í því



skyni að opna markaði og viðhalda samkeppni.<sup>1</sup> Fjallað er um nýsköpun og frumkvöðla, þar sem dregnar eru á sama hátt fram helstu hindranir og bent á aðgerðir til úrbóta sem efla samkeppni á 15 mikilvægum samkeppnismörkuðum. Í skýrslu eftirlitsins nr. 2/2011 *Samkeppnin eftir hrún* er greint frá því hvernig gengið hefur að ryðja þeim hindrunum úr vegi og hvaða hindranir eru enn til staðar.

Hefur Samkeppniseftirlitið jafnframt lag áherslu á að stjórnvöldum beri að meta fyrirfram hvaða áhrif ráðstafanir þeirra hafa á samkeppni, sbr. álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 *Samkeppnismat stjórnvalda*. Í því álit er mælt til þess við forsætisráðherra að hann stuðli að því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Telur eftirlitið að með því megi stuðla að því markaðir opnast eða haldist opnir og þannig verði komið í veg fyrir óþarfar opinberar aðgangshindranir, þ.e. hindranir nýrra fyrirtækja við að komast inn á nýja markaði eða vaxa við hlið stærri fyrirtækja.

Rannsóknir hafa ennfremur sýnt að virk samkeppni er mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Kemur þetta fram í skýrslu sem norrænu samkeppniseftirlitin gáfu út haustið 2009 um samkeppni og kreppur; *Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*. Í skýrslunni kemur þannig fram að fjármálakreppur fyrri tíðar sýna að gerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðli að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægðum. Er þar einnig fjallað um tengslin milli samkeppni, nýsköpunar og hagvaxtar. Telur Samkeppniseftirlitið með vísan til þess mikilvægt að líta til samkeppnissjónarmiða þegar unnið er að markmiðum framangreindrar þingsályktunartillögu.

Að lokum þakkar Samkeppniseftirlitið fyrir tækifærið til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Sonja Bjarnadóttir

Sonja Bjarnadóttir

---

<sup>1</sup> Skýrslan, sem og aðrar skýrslur og álit sem vísað er til í erindi þessu, eru aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is)